

Þettaer það sem ritnefnd hefur að segja varðandi útgáfustarfsemi:

I. Form og skipulag:

- a. Útgáfan verði í tímaritsbroti og á ánægjilegum pappír.
- b. Stefnt verði að minnst 9 tölublöðum á ári, stærð hvers tölublaðs minnst 32 síður. (Að athuguðu máli komst ritnefnd að þeirri niðurstöðu, að með því að stefna að níu fremur en tólf, væri hæfilegt vað fyrir neðan nefndina, sem kann að vera nauðsynlegt vegna árstóðabundinna anna, svo sem jóla og sumars.)
- c. Upplag: 5000
- d. Áskrift i) Allir meðlimir Kvennaframboðs fá bréf, þar sem sagt verður frá útgáfunni og þeim gefinn 10 daga frestur til að segja nei við áskrift. ii) Komið verði upp landsneti umboðskvenna, sem safni áskrifendum og meldi nöfnin inn. Ath. að bessar konur sjá þó ekki um innheimtu og dreifingu heldur séu aðeins tenglar, sbr. síðar. iii) Auglýst verði eftir áskrifendum
- e) Kostnaður. Verið er að taka á móti tilboðum frá hinum ýmsu prentsmiðjum. Útlit fyrir kostnað pr. 5000 eintök verði 32-38bús. 1500 áskrifendur standa undir þeim kostnaði ef verð blaðsins er 30.

Hér er hvorki gert ráð fyrir öðrum tekjum, svo sem augl. né kostnaði við dreifingu etc. Ritnefnd er reiðbúin til að vinna blaðið í fyrstu þrjá mánuðina eða þar til ljósara er um möguleika á launum, þó ekki nema vegna síma og bensinkostnaðar. Vert er að fara mjög varlega í áætlun auglýsingatekna um bessar mundir.

Að þessu öllu sögðu, sýnist okkur áskrift fyrir 3 mánuði ætti ekki að þurfa að fara mikið yfir 100 krónur. Verð blaðsins í lausasölu verði meira en í áskrift.

- f. Ritnefnd er ekki hlynnt því að áskrift verði innifalin í félagsgjöldum. Fyrir því eru ýmsar ástæður:
  - i. Sálfræðilegra betra að halda blaðinu sér. Því er ætlað að verða almennt kvennablað og ekki að hafa ímynd borgarmála-blaðs.
  - ii. Fjöldi fólks mun vilja gerast áskrifendur án þess að vera félagar Kvennaframboðs (a.m.k. fyrst um sinn?)
  - iii. Sem flestar ættu að skrifa í blaðið, líka konur sem hafa tengsl við aðra stjórnmálauflokka

iv. Bókhald ritsins þarf að vera sér.

g. Dreifing

Til greina kemur að dreifing verði í höndum utanaðkomandi aðila, fari þá í allar bókabúðir og sjöppur á landinu gegn 10 % greiðslu. Er í athugun. Áskrift fer í pósti.

II. Innri gerð

Nafn blaðsins : VERA, sbr. að vera, verund, veruleiki, mannvera..

Undirtitill: Blað Samtaka um Kvennaframboð.

Vera verði raunverulegt kvennarit, þ.e. fjalli um konur éins og bær vilja sjálfar vera, fíjalli um þeirra raunveruleika, hugmyndir og viðhorf, gagnrýni brebglaða kvenímynd. Geri kvennamenningu sýnilega. Beri fréttir sem koma monum við, og aðrar fréttir út frá kvenna-hóli. Haldi vakandi umræðu um hugmyndir og menningu....

Ritnefnd hefur lagt drög að ýmsum föstum þáttum:

Menningarmál, gagnrýni og fréttir.

Læknisfræði, lögfræði, arkitektur, íþróttir, fjölmíðlar, starfskynningar og kjaramál, ritdeilur, lesendabréf (skrifidið:) myndir, erlendar fréttir, bókafréttir og kynningar, úr sögu kvenna, ljóð, sögur, erlent og íslenskt.....

Verið erað teikna hausa á fasta dálka.

Framhaldssaga hefur verið rædd, etv. sígilt verk sem kominn er tími til að allar íslenskar konur geti leſið.

Vera mun ekki skirrast við að taka á hefðbundnum kvennasiðumálum (útlit, matur etc.) en hafa til hliðsjónar hugmyndir og stefnu Kvennaframboðsins.

Öll gagnrýni ofarlega á baugi.

Borgarmálin hefðu fastan og veglega sess.

III. Ýmislegt:

Fyrsta tölublað gæti komið út í byrjun oktober.

Ritnefnd fer fram á a) augæýsingasafnara (prósentur) og aðsfoð við áskriftar söfnun og annan undirbúning, sem ekki varðar innihald beinlinis. Hafið í huga að ritnefnd var valin með tilliti til reynslu og ritgleði fremur en með tilliti til ýmissa annarra hæfileika sem þó eru naupsynlegir í útgáfustarfsemi.